

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og  
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálsíðu er. kr.2900.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



## Sunnudagaskóli Einarstöðum



Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi  
sunnudag, 5. október klukkan 11:00. Biskup Íslands, frú  
Agnes Sigurðardóttir kemur í heimsókn.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.

## Messa Á Þóroddsstað



Almenn Guðsþjónusta verður á Þóroddsstað  
næstkomandi sunndag, 5. október klukkan 14:00.  
Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir predikar.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.

# Haustfundur

## Kvenfélags Fnjóskdæla

Verður haldinn í Skógum  
Miðvikudagskvöldið 8. október kl. 20:30  
Bjódum upp á súpu og brauð.  
Ræðum málefni komandi vetrar og eigum  
saman góða kvöldstund



Nýjar konur velkomnar í félagið.

Stjórnin

## Vetrarstarf Söngfélagsins Sálubótar

hefst þann 7. okt í Stórutjarnaskóla. Æfingar fara þar fram á þriðjudagskvöldum .

Lagaval er fjölbreytt og félagsskapurinn góður.

Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir.

Upplýsingar í sínum: 8943286 og 8607751

Stjórnin.

39.tbl.  
2. október  
2014  
21. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Félagshelminu Breiðumýri í Reykjadal - Húsið opnað kl. 21:30 - Tónleikar hefjast kl. 22:00  
Mikil gleði og mikil glens - Miðaverð 2.500 kr.

## Frá Karlakór Eyjafjarðar

Vegna fjölda áskoranna, sýnir karlakór Eyjafjarðar kórleikinn sinn "Frásögn úr Frónsskíri" aftur, hvar kórmenn fara á kostum í leik, söng og dans! Sýningar verða aðeins tvær, föstudagskvöldið 10. okt. í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit og laugardagskvöldið 11. okt. í Ýdölum í Aðaldal.

Hefjast sýningarnar kl. 20.30 og miðaverð er 2500 kr.  
Endilega pantið miða hjá okkur, síðast komust færri að en vildu!

Petra s: 892 3154, Siggi s: 861 2198